



Lundarskóli

Ábyrgð – virðing - vellíðan

## Heimanám í Lundarskóla

Heimanám er hluti af því starfi sem fram fer í skólanum og á að taka mið af aldri, þroska, færni, áhuga og aðstæðum einstaklinga. Heimanám getur náð til allra námsgreina og skal ávallt vera í hæfilegu magni. Heimanám á að tengjast náminu sem fram fer í skólanum hverju sinni og stuðla að auknu samstarfi heimila og skóla.

### Skilgreining á heimanámi:

Hugtakið heimanám nær yfir allt nám utan hefðbundinnar kennslu og getur að hluta farið fram í skólanum. Heimanám getur bæði verið bóknáms-, verkefna- eða athafnamiðað, hefðbundið og/eða óhefðbundið.

Heimanámið er skipulagt af kennara eða kennara og nemanda/foreldri. **Nemendur og foreldrar bera ábyrgð á því að heimanámi sé sinnt.**

### Tilgangur og gildi:

Heimanám stuðlar að aukinni leikni og færni í námi og viðheldur hæfni nemenda. Auk þess veitir það foreldrum tækifæri til að fylgjast með og styðja við nám barna sinna. Með stöðugu heimanámi öðlast nemendur færni í að skipuleggja tíma sinn og taka ábyrgð á náminu.

## Heimanámið í Lundarskóla

- Miðað er við að lestri sé sinnt heima í öllum árgöngum að minnsta kosti fimm sinnum í viku, í um það bil 15-20 mínútur í senn.
- Í 1.- 4. bekk er áhersla lögð á, lestur, ritun og önnur verkefni sem tengjast byrjendalæsi ásamt stærðfræði.
- Í 5.- 7. bekk er lögð áhersla á lestur, stærðfræði og aðrar námsgreinar sem tengjast ákveðnum verkefnum hverju sinni og áhugasviði nemenda eftir því sem við á.
- Í 8. - 10. bekk er lögð áhersla á heimanám í flest öllum námsgreinum. Mikilvægt er að nemendur sinni lestrarþjálfun heima samhliða öðru heimanámi.